

108
16. júní

143. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið samþykkt og birt í stjórnartíðindunum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. júní 1947.

Eysteinn Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

109
23. júní

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar um hámarksökuhraða bifreiða nr. 23 17. febr. 1943.

Reglugerð nr. 23 17. febrúar 1943, um hámarksökuhraða bifreiða, er numin úr gildi frá 24. þ. m. að telja.

Í dómismálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.

110
23. júní

AUGLÝSING

um staðfesting dómismálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglu-
samþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 149 28. ágúst 1940.

Samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaup-
staðanna, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt
fyrir Dalasýslu.

1. gr.

Við 28. gr., aftan við 1. málslíð 2. málsgreinar bætist: Hænsni í kauptúnum séu
höfð í heldum girðingum tímabilið frá 20. maí til 20. ágúst ár hvert.

2. gr.

37. gr. orðist þannig:

Eigi má halda fleiri skemmtisamkomur, sem aðgangur er seldur að í hverjum
hreppi sýslunnar á ári, en sex, nema leyfi hlutaðeigandi hreppstjóra komi til. Skal
þeim samkomum, sem haldnar eru frá 1. júlí til 15. sept., slitið eigi síðar en kl. 11
að kvöldi, ef virkur dagur fer í hönd, en á öðrum tímum árs eigi síðar en kl. 3 að
nóttu.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómismálaráðuneytinu, 23. júní 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.